

Nudd ehf. (Í góðum höndum)
Hamraborg 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 24. maí 2022
Tilvísun: E44888

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: igh@igh.is

Eftirlitsskýrsla

Tilefni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 24.5.2022
Starfsleyfi: Gildir til 30.8.2032	Starfsemi: Nuddstofa
Aðsetur: Hamraborg 1	Kt. 630905-0520
Fulltrúar fyrirtækis Unnur Kolka Leifsdóttir Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness: Einar Oddsson, heilbrigðisfulltrúi	

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fyrst og fremst fram skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Stuðst var við samræmd starfleyfisskilyrði fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindri reglugerð og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Húsnæði og aðbúnaður skoðaður. Stofan er staðsett á 5. hæð og er með 11 nuddherbergjum.

Niðurstöður eftirlits:

Eftirfarandi athugasemdir komu fram:

- *Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað.* (rgl. 941/2002. 13 gr).
- *Heilbrigðiseftirlit óskar eftir að fá senda skriflega hreinlætisáætlun.* Bæði varðandi þau þrif sem verktaki sér um og það sem snýr að daglegum þrifum starfsmanna. Vakin er athygli á að skrifleg þrifaáætlun er hluti af innra eftirliti starfseminnar (reglugerð 941/2002. 11 gr. starfsleyfisskilyrði, liður 3.1). Innra eftirlitið á að vera aðgengilegt eftirlitsaðila og felur það jafnframt í sér að skrá óhöpp og framkvæmda á úrbóta, sem og skráningu á viðhaldi tækja og búnaðar eftir því sem við á.
- *Ræstiaðstaða uppfyllir ekki starfsleyfisskilyrði, liður 2.5.,* en þar kemur fram að læst og loftræst ræstiaðstaða skuli vera til staðar með nægilegu rými fyrir ræstiahöld og efnavöru. Um að ræða opið rými með tjaldi fyrir á gangi í sem leiðir inn á salernin. Samkvæmt fulltrúa fyrirtækisins eru fyrirhugaðar endurbætur hvað þetta varðar. Hættuflokkaðar efnavörur eru geymdar í efri skápum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við önnur skoðunatriði. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar innan 14 daga til Heilbrigðiseftirlitsins að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi, pósthólf 329, eða á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllt,
f.h. heilbrigðiseftirlits
Einar Oddsson, heilbrigðisfulltrúi.

